

Alþingi
Erindi nr. P 127/1818
komudagur 10.4.2002

Nefndarsvið Alþingis
Félagsmálanefnd
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

11.04.02

02-0169
000.21

Umsögn Vinnueftirlitsins vegna frumvarps til laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

Í 5. gr. frumvarpsins er fjallað um réttarstöðu trúnaðarmanna fyrirtækja og kemur þar meðal annars fram að trúnaðarmenn skuli halda stöðu sinni eftir aðilaskiptin eða, haldi fyrirtækið ekki sjálfstæði sínu, að starfsmenn skuli eiga sér fulltrúa þar til nýr trúnaðarmaður hefur verið valinn.


Í greininni er ekki fjallað um öryggistrúnaðarmenn og –verði skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Það hlýtur að vera mjög mikilvægt að það eftirlit sem fyrrgreindum aðilum ber að tryggja falli ekki niður, eftir atvikum tímabundið, vegna aðilaskipta að fyrirtækjum. Um öryggisverði gildir að atvinnurekandi tilnefnir öryggisvörð sem sinn fulltrúa í öryggismálum en starfsmenn kjósa sér öryggistrúnaðarmann.


Því verður að telja eðlilegt að hið sama gildi a.m.k um öryggistrúnaðarmenn og gildir um trúnaðarmenn samkvæmt frumvarpinu.

Lagt er til að á eftir 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein sem hljóði svo:
Hið sama gildir um öryggistrúnaðarmenn og fulltrúa starfsmanna í öryggisnefnd skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Lagt er til að á eftir 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein sem hljóði svo:
Um réttarstöðu öryggistrúnaðarmanna fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Virðingarfyllst,
f.h. Vinnueftirlits ríkisins


Eyjólfur Sæmundsson
Forstjóri


Sigrún Kristjánsdóttir
Lögfræðingur